

Fundargerð 52. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, föstudaginn 17. janúar kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri.

Guðmundur Tryggvi sat fundinn sem varamaður Björns H. Halldórssonar. Guðjón Bragason stýrði fundinum í fjarveru Björns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 50. og 51. fundar - 1810077SA

Fundargerðir Verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 15. október og 22. nóvember sl., lagðar fram til samþykktar.

Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

2. Drög að umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur - 1912016SA

Lögð fram til umræðu drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-innleiðing), mál nr. 329/2019. Verði frumvarpið að lögum verður hverju og einu sveitarfélagi gert skylt að ná tölulegum markmiðum á landsvísu um endurvinnslu og endurnýtingu. Sveitarfélögum er gert skylt að sérsafna pappír, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Söfnun á pappír, plasti og lífúrgangi verður við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnun á spilliefnum og lífúrgangi skal komið á fyrir 1. júlí 2020 og öðrum úrgangstegundum fyrir 1. október 2020. Ráðherra verður einum heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum um sérsöfnun. Gjaldheimta sveitarfélaga mun einnig taka breytingum þannig að ekki verður lengur heimilt að ákveða gjald fyrir meðhöndlun úrgangs sem fast gjald á hverja fasteignareiningu og skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu s.s. eftir magni og gerð úrgangsins.

Verkefnisstjórn tekur undir þær áherslur sem fram koma í drögum að umsögn sambandsins. Líkt og rakið er í umsögninni er það afstaða sambandsins að það frumvarp sem hér er til umsagnar sé ótímabært. Mikilvægt er að fram fari frekari greining á einstökum tillögum í frumvarpinu, meðal annars hvað varðar vistferilsgreiningu og aukinn kostnað sveitarfélaga og heimila. Jafnframt verði lokið

við stefnu í úrgangsmálum, í góðri sátt við sveitarfélögin.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða leggst verkefnisstjórn gegn framlagningu frumvarpsins á Alþingi nú á vörpingi.

3. Umsögn sambandsins um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (plastvörur) - 2001003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (plastvörur), dags. 16. janúar 2020. Með frumvarpinu er stefnt að því að draga úr áhrifum af notkun plasts á umhverfið og heilsu fólks og jafnframt að vekja neytendur til umhugsunar um neyslu og umhverfisáhrif plasts, draga úr notkun einnota plastvara og styðja við notkun endurnotanlegra vara. Verði frumvarpið að lögum verður óheimilt að setja á markað tiltekna plastvörur, merkja þarf sérstaklega tiltekna einnota plastvörur til upplýsingar fyrir neytendur, óheimilt verður að afhenda tiltekna einnota plastvörur án endurgjalds á sölustöðum, gerðar verða auknar kröfur um gerð og samsetningu tiltekna einnota plastvara og fræðsla og upplýsingagjöf um plastvörur verður eflid.

Verkefnisstjórn tekur undir þær áherslur sem koma fram í umsögn sambandsins.

4. Fyrirhuguð rannsókn Municipal Waste Europe á úrgangi á víðavangi - ósk um framlag - 1512012SA

Municipal Waste Europe hyggst standa að rannsókn á úrgangi á víðavangi (e. littering) með áherslu á kostnað og magn. Óskað hefur verið eftir að aðildarfélagar standi straum af kostnaði við gerð rannsóknar með sérstöku framlagi.

Verkefnisstjórn mælir með samþykkt erindisins, enda reynist unnt að finna fjárheimild til þátttöku í verkefninu.

5. Starfsleyfi og breytingar á starfsleyfi vegna starfsemi urðunarstaða - fundur með Umhverfisstofnun - 2001030SA

Þann 13. janúar sl. boðaði Umhverfisstofnun fulltrúa sambandsins til fundar til að ræða verkferla við afgreiðslu á umsóknum um starfsleyfi fyrir urðunarstaði og breytingar á starfsleyfum starfandi urðunarstaða.

Guðjón Bragason sviðsstjóri og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála á lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins greindu frá fundinum, þar sem m.a. var rætt um þörf fyrir fræðslu um hvernig sótt er um starfsleyfi. Einnig var rætt um að taka upp rafræna umsóknargátt.

Verkefnisstjórn tekur undir þörf fyrir fræðslu til starfsmanna sveitarfélaga um gerð starfsleyfisumsókna og telur jákvætt að Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi samstarf um það verkefni. Einnig hvetur verkefnisstjórn til þess að ferlar við afgreiðslu starfsleyfa verði einfaldaðir og að markmið verði að lækka kostnað sveitarfélaga.

6. Önnur mál - 1803048SA

Rætt var um málefni Úrvinnslusjóðs, m.a. varðandi gjaldskrá fyrir skil á raftækja- og rafeindatækjaúrgangi, sem hefur ekki fylgt þróun markaðsverðs þessa úrgangs. Sömu sjónarmið eiga við um fleiri úrgangsflokka. Einnig var rætt um fræðslu til íbúa og lögaðila um meðhöndlun spilliefna og mögulegt framtíðarfyrirkomulag á söfnun slíkra efna.

Ákveðið var að málefni Úrvinnslusjóðs verði til frekari umfjöllunar á næsta fundi.

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður föstudaginn 13. mars kl. 11-13.30.

Fundi var slitið kl. 13:30

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson